# *Nr. 016 / 10 Kári AK 33*

## *Eldur í vélarrúmi*

*Skipaskr.nr.* 1761
*Smíðaður:* Garðabæ 1987 stál
*Stærð:* 11,9 brl. 19,7 bt.
*Mesta lengd:* 12,09 m *Skráð lengd:* 12,63 m
*Breidd:* 3,99 m *Dýpt:* 1,7 m
*Vél:* Ford Mermaid 165 kW 1987
*Fjöldi skipverja:*



Kári ©Hilmar Snorrason

***Gögn:***
*Gögn RNS*

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 11. febrúar 2010 lá Kári AK 33 við landfestar í Reykjavíkurhöfn.

Skipið hafði legið í höfn um tíma og var verið að undirbúa skoðun á því. Hlaða þurfti rafgeyma og voru notaðir lausir kaplar (startkaplar) og straumur tekinn af rafmagnsneti skipsins. Þegar hleðslan hafði staðið yfir í um hálftíma gaus upp reykur í vélarúminu. Var þá vélin stöðvuð, rafmagni slegið út með aðalrofa (hnífum) og vélarúminu lokað.

Þegar reykur minnkaði kom í ljós að startkaplarnir höfðu sviðnað og var þá vélarúmið reykræst.

### *Nefndarálit:*

Orsök atviksins var að kaplarnir voru of grannir til straumflutnings við þessar aðstæður.